

Miðvikudaginn 11. desember 1991.

Nr. 308/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Hilmari Óskarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Hylming. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí sl. Aðrir ákærðu una dómi. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu ákærða er krafist lækkunar refsingar og að refsingin verði skilorðsbundin.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og heimfærslu til refsíákvæða. Skaðabótaákvæði dómsins er ekki til endurskoðunar í Hæstarétti.

Í héraðsdómi er talið, að ákærði hafi með broti í máli þessu rofið skilorð dóms frá 8. febrúar 1990, og honum því gerð refsing í einu lagi fyrir brot samkvæmt þeim dómi og það brot, sem hér er til meðferðar. Fram er komið, að dómur sá, er hér er um getið, var ekki birtur ákærða fyrr en 20. febrúar 1990, en samkvæmt kvittun, sem frammi liggur í málinu, selur ákærði myndbandstækið deginum áður. Önnur gögn málsins skera ekki úr um, hvenær brot ákærða var framið, en svo virðist sem það hafi gerst á tímabilinu 12. til 19. febrúar 1990. Ósannað er því, að ákærði hafi með broti í þessu máli rofið skilorð dómsins frá 8. febrúar 1990. Verður ákærða því ekki gerð refsing í einu lagi fyrir brot samkvæmt þeim dómi og fyrir brot þessa máls. Aftur á móti ber að ákveða refsingu ákærða samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem hegningarauka við refsingu þess dóms. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi einn mánuð, og er hún skilorðsbundin á þann hátt, sem í dómsorði greinir.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dóms-orði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hilmar Óskarsson, sæti fangelsi einn mánuð, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. júní 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 12. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 313-316 1991: Ákærvaldið gegn X, Y, Hilmarí Óskarssyni og Z, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. apríl sl., gegn „X[...], Y[...], Hilmarí Óskarssyni, Rjúpufelli 31, fæddum 20. desember 1970, fæðingarnúmer 588, öllum til heimilis í Reykjavík, og Z [...], fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík 1990:

II. Ákærða Hilmarí er gefin að sök hylming með því að hafa í framhaldi af ofangreindum þjófnaði keypt myndbandstækið af ákærða Y, þrátt fyrir það að hann vissi, hvernig ákærði Y var að tækinu kominn.

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

Aðfaranótt mánudagsins 12. febrúar 1990 brutust ákærðu X, Y og Z

inn í myndbandaleiguna Myndver hf., Rangárseli 8 hér í borg, með því að spenna upp opnanlegan glugga á jarðhæð. Þarna slógu þeir eign sinni á myndbandstæki, myndbandsspólu og peninga. Ákærði Y tók 2.500 kr. í mynt úr pokum í skúffu og fékk í sinn hlut. Ákærði Z ber, að þeir hafi stolið þarna um 10.000 krónum í peningum, en kveðst ekkert hafa fengið í sinn hlut. Þá hefur ákærði X borið, að hann hafi stolið þarna um 5.000-7.000 krónum í peningum, en sér hafi ekki verið kunnugt um, að Y stal einnig peningum. Í framhaldi af innbrotinu seldi Y ákærða Hilmar myndbandstækið fyrir 10.000 krónur, og var hinum síðarnefnda kunnugt um, að ákærðu höfðu stolið því. Hilmar seldi tækið á 11.000 kr. í Skeifunni, húsgagnamiðlun hf. Það hefur ekki komist til skila.

Með játningu ákærðu, X, Y, Z og Hilmars, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að þeir hafa gerst sekir um þá háttsemi, sem þeim er að sök gefin í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Sakaferill ákærðu:

— — —

Ákærða Hilmars:

Árið 1988 var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum í tvö ár fyrir skjalafals og þjófnað. Þá gekkst hann undir dómsátt árið 1989 vegna brots gegn 21. gr. áfengislaga með greiðslu 10.000 króna sektar. Hinn 8. febrúar 1990 var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, vegna þjófnaðar.

Viðurlög.

— — —

Með broti því, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði Hilmar rofið skilorð dómsins frá 8. febrúar 1990. Ber því nú skv. 60. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem fjallað var um í þeim dómi, og það brot, sem hér er til meðferðar. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

— — —

Loks eru ákærðu dæmdir til að greiða óskipt allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

— — —

Ákærði Hilmar Óskarsson sæti þriggja mánaða fangelsi.

— — —

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.